



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót



Útgáfa 1/2023



REGLUGERÐ UM LANDSMÓT OG FJÓRÐUNGSMÓT

1. Ákvörðun um Landsmót og fjórðungsmót

Landsmót hestamanna skulu haldin annað hvert ár. Stjórn LH velur og ákveður landsmótsstað hverju sinni að höfðu samráði við rekstraraðila. Skal ákvörðun um mótsstað liggja fyrir a.m.k. fimm árum fyrir það mót sem um ræðir. Samningar skulu vera frágengnir og undirritaðir minnst þremur árum áður. Ef samningar nást ekki skal staðarval endurskoðað. Við staðarval skal stjórn LH hafa til hliðsjónar fjárhagslega hagkvæmni svo og yfirsýn á félagslegt réttlæti. Samhliða staðarákvörðun skal liggja fyrir samningur um eftirgjald (leigu) fyrir mótssvæðið.

Fjórðungsmót, ef haldin, fara fram þau ár sem ekki er landsmót. Staðarval er í höndum félaganna sem eiga aðild að mótinu.

2. Hlutverk stjórnar LH

Stjórn LH skal hafa forgöngu og tilsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði sé undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndar aðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

3. Tímasetning Landsmóta og fjórðungsmóta

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

Tímasetningar fjórðungsmóta skulu ákveðnar af félögum sem eiga aðild að mótinu. Stefnt skal að því að fjórðungsmót fari fram aðra vikuna í júlí.

4. Keppnisgreinar Landsmóta og fjórðungsmóta

Á Landsmótum og fjórðungsmótum skal m.a. fara fram keppni úrvals gæðinga í öllum flokkum svo og keppni úrvalstóltara. Þá skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Í keppni og sýningum skal farið eftir reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Keppnisréttur í tölti á Lands- og fjórðungsmótum vinnst eingöngu í keppni í T1.

5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

Þátttökurétt á lands- og fjórðungsmóti hafa félagsmenn sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga við starfsskýrsluskil þann 15. apríl ár hvert.

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga- og ungmennakeppni á lands- og fjórðungsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni.

Haldi hestamannafélög úrtöku í tveimur umferðum skal leitast við að sama dómaraengi dæmi báðar umferðir. Ekki mega líða meira en tveir dagar á milli umferða. Þátttakanda er heimilt að taka þátt í hvorri umferð sem er eða báðum.

Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 1.7.2 í reglum um gæðingakeppni. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á Lands- og fjórðungsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur. Sé hærri einkunn keppenda, tveggja eða fleiri, jöfn, skal litið til einkunnar úr hinni umferðinni. Skiptir þar ekki máli hvort það er fyrri eða seinni umferð. Séu hestar jafnir skulu þeir fá sæti á Landsmóti fyrir sitt félag.

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skulu auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Ekki er heimilt að skrá hross í úrtöku fyrir Lands- og fjórðungsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða. Það sama á við um keppendur í barna, unglinga og ungmennaflokk, þau mega ekki skrá sig í úrtöku hjá öðru félagi en þeirra eigin.

Haldi félag ekki úrtöku sjálfst en félagar þess hafa áhuga á að komast á Landsmót verður stjórn félagsins að setja sig í samband við eitt ákveðið hestamannafélag og auglýsa úrtöku með því félagi.

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í öllum flokkum í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti. Við lok skráningarfrests á Landsmót skal keppnisnefnd fara yfir skráningar og stöðulista og tilkynna þeim sem í hlut eiga um þátttökurétt.

6. Um reglur um Landsmót og fjórðungs

Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.